



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir
Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri, 11. janúar 2022
MÍ202201-0002/ 6.08 / S.G.

Dalvíkurlína 2, Akureyrarbær - umsögn Minjastofnunar.

Með tölvupósti sendum 30. desember 2021 óskaði María Markúsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ eftir umsögn Minjastofnunar um skipulags- og matslýsingu fyrir meðfylgjandi skipulagslýsingu fyrir Dalvíkurlínu 2

Framkvæmdin er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets. Sveitarfélögin Akureyrarbær, Hörgársveit og Dalvíkurbyggð hafa ákveðið að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi vegna Dalvíkurlínu 2 sem mun liggja við vestanverðan Eyjafjörð, þ.e. milli Akureyrar og Dalvíkur.

Réttilega segir í kafla um menningarminjar í skipulagslýsingunni að á minjavefsjá Minjastofnunar Íslands séu upplýsingar um friðlýstar og friðaðar fornleifar og friðlýst og friðuð hús en vefsjáin er því miður ekki tæmandi, og lítið af skráðum minjum á Akureyri eru sýnilegar á Minjavefsjánni.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða leyfi til framkvæmda er gefið út. Til eru eftirtaldar fornleifaskráningar á helgunarsvæði Dalvíkurlínu 2 innan Akureyrarbæjar:

- Adolf Friðriksson & Orri *Fornleifaskráning í Eyjafirði VIII Fornleifar í landi Stóra-Eyjarlands og Kotár* Fornleifastofnun Íslands Minjasafnið á Akureyri Fornleifastofnun Íslands FS034-95025 Akureyri 1997
- Orri Vésteinsson & Sædis Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning í Eyjafirði X. Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár* Minjasafnið á Akureyri Fornleifastofnun Íslands FS051-95027 Akureyri 1998
- Katrín Gunnarsdóttir. *Athugun á fornleifum í landi Hesjuvalla á Akureyri vegna deiliskipulags á lóð frá heimajörðinni*. Akureyri 2016.

Einnig gæti verið að smærri skráningarverkefni komi inná áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Aðeins skráning Katrínar Gunnarsdóttur uppfyllir núgildandi staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu vegna skipulags og þarf því að endurskoða fornleifaskrárnar á áætluðu áhrifasvæði. Minjastofnun mælist einnig til þess að allir valkostir línunnar verði skráðir svo ekki þurfi að stöðva framkvæmdir og kalla aftur til fornleifafræðing ef breyta þarf plönnum. Fornleifafræðingur skal ganga fyrirhugaða lagnaleið og taka út 30 m belti, 15 m sitt hvoru megin við miðlínu lagnarinnar. Ekki er þörf á að ganga svæði þar sem lagnir munu liggja í vegöxlum, í eldri lagnaskurðum eða þar sem hefur verið jarðvegsskipt en þó þarf að líta yfir slík svæði, jafnvel úr ökutæki. Minjar kunna einnig að leynast innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar

Skráning fornleifa skal vera í samræmi við reglur Minjastofnunar um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Skráning fornleifa skal liggja fyrir áður en stofnunin fær deiliskipulag til umsagnar/eða leyfi til framkvæmda verður gefið út til að hægt sé að tryggja varðveislu þekktra og hugsanlegra fornleifa á skipulagssvæðinu. Skráningu fornleifa telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest skrána.

Breyting á aðalskipulagi skal koma inn til umsagnar stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun